

Fyrsta heimilið



Einu sinni
er allt fyrst

Greiðsluþjónusta

Færðu reikninga í tíma og ótíma? Áttu erfitt með að átta þig á hve mikið þú þarft að greiða í mánaðarleg útgjöld? Þú færð fyrsta árið frítt í Greiðsluþjónustu Búnaðarbankans – og bankinn sér um að greiða reikningana á réttum tíma. Ekki nóg með það, því útgjöldin dreifast jafnt á alla mánuði ársins og þú greiðir alltaf sömu fjárhæð í hverjum mánuði. Þú losnar við gluggapóstinn, dráttarvextina, biðraðirnar og útgjaldasveiflurnar og veist alltaf hvar þú stendur í fjármálum. Mappa fyrir heimilisbókhalðið fylgir.

 **BÚNAÐARBANKINN**
Einstaklingsþjónusta

www.bi.is



Fréttabréf Lindasóknar

2. tbl. 2. árg. páskar 2003



Fyrsti árgangur fermingarbarna fermdur

Laugardaginn 22. mars var sannkölluð hátíðarstemming þegar fyrsti árgangur fermingarbarna í Lindasókn fermdist í Hjallakirkju. Öll fermingarbörnin, 52 að tölu, fermdust þennan dag í tveimur athöfnum, fyrir og eftir hádegi. Fermingarfræðsla vetrarins fór fram á fimm helgum auk ferðar í Vatnaskóg síðastliðið haust. Fermingarfræðslan var annars vegar byggð á almennri fræðslu í kristnum fræðum en hinsvegar þátttöku í helgihaldinu, því laugardagar á fermingarfræðsluhelgum fóru í að undirbúa guðsþjónustuna daginn eftir. Börnunum var þá falið hlutverk í guðsþjónustunni og skipað í hópa samkvæmt því. Til dæmis æfðu sum börnin söng, önnur leikrit eða sömdu bænir eða undirbjuggu salinn í Lindaskóla fyrir guðsþjónustuna. Medfylgjandi er mynd af hópnum sem fermdist eftir hádegi, ásamt sóknarprestinum.



**INNROMMUN
KÓPAVOGS**
Hlíðarsmára 11
Sími 555 7650 • Fax 555 7651



Fréttabréf Lindasóknar

Ritnefnd:

Geir A Guðsteinsson, Galtalind 1
og Guðmundur Karl Brynjarsson

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Karl Brynjarsson

Munið!

MÖMMUMOGNAR Í
SAFNAÐARHEIMILINU,
HÚSINU Á SLÉTTUNNI
Á ÞRIÐJUDÖGUM
FRÁ KL. 10-12


Páskahátíðin í Lindasókn

Fimmtudagur 17. apríl

SKÍRDAGUR kl. 20

Kærleiksmáltíð í Safnaðarheimili Lindasóknar, Húsinu á sléttunni, Uppsölum 3.

Allir velkomnir.



Sunnudagur 20. apríl

PÁSKADAGUR kl. 10 Athugið breyttan messutíma!

KRISTUR ER UPP RISINN! Gleði rík guðsþjónusta fyrir alla fjölskylduna í Lindaskóla. Að guðsþjónustu lokinni verður boðið upp á léttan morgunverð og páskaeggjaleit fyrir börnin.

Allir velkomnir

DAGSKRÁIN Í VOR

Laugardagur 26. apríl

Vorferð LLL KFUM&K starfsins

Sunnudagur 27. apríl

Óvissuferð sunnudagskólans. Farið verður frá Lindaskóla kl. 11
ATH - GUÐSÞJÓNUSTA
FELLUR NIÐUR ÞENNAN
DAG

Sunnudagur 4. maí

Guðsþjónusta í Lindaskóla kl. 11.
Aðalsafnaðarfundur verður haldinn
að guðsþjónustu lokinni.

Sunnudagur 11. maí

Kvöldguðsþjónusta í
Safnaðarheimilinu, Uppsölum 3.

Sunnudagur 18. maí

Kvöldguðsþjónusta í
Safnaðarheimilinu. Sr. Sigurjón
Árni Eyjólfsson héraðsprestur
þjónar.

Sunnudagur 25. maí

Kvöldguðsþjónusta í
Safnaðarheimilinu.

Vers páskanna

Í dauðans böndum Drottinn lá
frá dauða svo vér sleppum,
en upp reis dauðum aftur frá
svo eilíft líf vér hreppum.

Í Guð því oss gleðjast ber
og gjalda þökk og syngja hver
af hjarta: Hallelúja, hallelúja.

M. Luther - H. Hálfé.

Hann bar sjálfur syndir vorar á líkama sínum upp á tréð, til þess að vér skyldum deyja frá syndunum og lifa réttlætinu. Fyrir hans benjar eruð þér læknaðir. 1. Pétursbréf 2:24

Skírnir

Egill Logason var skírður í sérstakri skírnarguðsþjónustu á annan í jólum. Hann er sonur hjónanna Jónínu Ágústsdóttur og Loga Sigurfinnssonar og er litli bróðir þeirra Loga og Sölva. Fjölskyldan býr í Hljóðalind 11.

Egill Þór Beck var líka skírður í sömu athöfn. Foreldrar hans heita Inga Freyja Arnarsdóttir og Páll Þórir Beck. Egill Þór á stóra systur sem heitir Erna Sif. Þau búa í Björtusölum 6.

Sigríður María Jónsdóttir var skírð 28. desember, dóttir Jóns Smára Sigursteinssonar og Sigríðar Guðlaugar Christensen. Bróðir Sigríðar Maríu heitir Jón Einar. Þau búa í Blásölum 7.

Zara Björk Christensen er frænka Sigríðar Maríu og var einnig skírð 28. desember. Zara Björk býr í Skotlandi ásamt foreldrum sínum, Guðlaugu Bergmann Jóhannsdóttur og Guðlaugi Birgi Christensen.

Ísak Árnason var skírður þann 19. janúar heima í Fensölum 8. Hann er sonur Margrétar Gísladóttur og Árna Gunnars Róbertssonar.

Kristinn Karlsson var skírður í Digraneskirkju 1. mars. Foreldrar Kristins, þau Karl Kristinsson og Linda María Ólafsdóttir giftust í sömu athöfn. Kristinn á stóra systur sem heitir Katrín María.

Gaman í sunnudagaskólanum

- rabbað við leiðtoga



Senn líður að lokum sunnudagskólastarfsins þennan vetur. Sunnudagskólinn hér í Lindaskókn, sem hefur verið haldinn í Lindaskóla hefur verið vel sóttur. Þar hafa haldið uppi líflegu starfi fjögur fjörug, þau Fjóla Guðnadóttir, Hanna Gísladóttir, Mjöll Þórarinsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. Þegar útsendari Fréttabréfs Lindasóknar innti þau eftir því á dögnum hvernig

gengið hafi með starfið í vetur var það samdóma álit þeirra allra að vel hefði tekist til. En hvað er mest heillandi við að sinna sunnudagskólastarfi? „Börn eru svo einlæg og móttækileg á þessum aldri að það getur aldrei orðið annað en gefandi að vinna með þeim.“ - Svöruðu þau Siggi, Mjöll Hanna og Fjóla.



AÐAL SAFNAÐARFUNDUR LINDASÓKNAR



Verður haldinn að lokinni guðsþjónustu í Lindaskóla,
sunnudaginn 4.maí

Venjuleg aðalfundarstörf

Boðið verður upp á léttan málsverð milli guðsþjónustu í og fundar.

Sóknarnefnd

Heimilisfang Lindasóknar er Uppsalar 3 • Sími 544 4477 •
Farsími sóknarprests: 864 0554 Netfang: guðmundurkarl@kirkjan.is